

Alþingi
Nefndasvið
b.t. velferðarnefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefnasvið@althingi.is

Reykjavík, 7. apríl 2021.

Efni: Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands vegna tillögu til þingsályktunar um nýja þýðingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. 151. Löggjafarþing 2020/2021. Þingskjal 960 – 568. mál. Stjórnartillaga.

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) þakkar tækifærið til að gera umsögn um tillögu til þingsályktunar um nýja þýðingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Félagsráðgjafar eru ein þeirra lykilfagstétta sem hafa mikla þekkingu og reynslu af stöðu málefna fatlaðs fólks á Íslandi en félagsráðgjafar starfa á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Tryggingastofnun ríkisins, Landspítala og öðrum heilbrigðisstofnunum auk grunn- og framhaldskóla. Síðast en ekki síst starfa félagsráðgjafar í félagsþjónustu sveitarfélaga, við barnavernd, almenna félagsþjónustu í málefnum flóttamanna og annarra innflytjenda, málefnum aldraðra og fatlaðra. Félagsráðgjafafélagið fagnar nýrri þýðingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem er sannarlega til bóta og betur í samræmi við grundvallarhugmyndir samningsins.

Fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni að Félagsmálaráðuneytið hafi farið yfir löggjöf sem tekur mið af samningnum og staðfest að ekki sé talin þörf á lagabreytingum vegna nýju þýðingarinnar. Það er mikilvægt að löggjöf styðji við samninginn en það er jafnframt mikilvægt að tryggja sveitarfélögum fjármagn til að sinna þjónustuni sem löggjöfin kveður á um í anda samningsins. Að mati félagsins þarf að endurskoða fjárveitingar með það að markmiði að tryggja fötluðu fólki viðeigandi þjónustu á öllum aldursskeiðum.

Félagsráðgjafafélag Íslands er reiðubúið að fylgja þessari umsögn eftir sé þess óskað.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann,
formaður